



MENNTAMÁLASTOFNUN

RAFRÆN SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF
4. OG 7. BEKKUR HAUST 2018

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að námsmat sé fjölbreytt og að endurgjöf til nemenda sé byggð á mismunandi aðferðum. Skipta má námsmati í tvo flokka, innra námsmat og ytra námsmat. Innra námsmat vísar til þess námsmats sem er í umsjón kennara í hverjum bekk eða skóla fyrir sig og getur verið breytilegt milli kennara, skóla, bekkja og námsgreina. Námsmatið í skólum fer fram með fjölbreyttum aðferðum, til dæmis sem munnleg, verkleg, skrifleg eða myndræn verkefni, einstaklings- eða hópverkefni, rafræn verkefni, verkefnamappa, próf, kannanir og fleira.

Samræmd könnunarpróf gegna hlutverki ytra námsmats þar sem markmiðið er að fá fram niðurstöður sem eru sambærilegar milli skóla og yfir tíma. Þar af leiðandi eru þau mikilvæg viðbót við hið gróskumikla og fjölbreytta námsmat sem fram fer í skólunum.

Menntamálastofnun hefur samkvæmt reglugerð (nr. 173/2017) umsjón með gerð og framkvæmd samræmdra könnunarprófa og er öllum grunnskólum skylt að leggja prófin fyrir nemendur í 4. 7. og 9. bekk. Samkvæmt 3. gr. ofangreindrar reglugerðar er tilgangur samræmdra könnunarprófa að:

- a) athuga, eftir því sem kostur er, að hvaða marki hæfniviðmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
- b) vera leiðbeinandi um áherslur í námi einstakra nemenda,
- c) veita nemendum, foreldrum, skólum og menntayfirvöldum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- d) veita upplýsingar um hvernig einstakir skólar og skólakerfið í heild stendur í þeim námsgreinum og námsþáttum sem prófað er úr.

Menntamálastofnun setur [almennar reglur](#) um fyrirlögn könnunarprófanna en tilgangurinn er meðal annars að fyrirlögnin fari fram með sambærilegum hætti í öllum skólum og jafnframt að veita kennurum og nemendum leiðsögn og öryggi við framkvæmdina. Skólastjórar skipuleggja og bera ábyrgð á framkvæmd könnunarprófanna í sínum skóla. Meginreglan er sú að allir nemendur í prófárgangi þreyti prófin nema þeir hafi undanþágu frá prófi skv. 39. gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008), sjá einnig 8. gr. reglugerðar 173/2017. Jafnframt er hægt að sækja um stuðningsúrræði í prófi, ýmist í einu prófi eða öllum en þá fær viðkomandi nemandi lengri próftíma og hljóðskrár með upplestri í prófinu.

Eftir fyrirlögn könnunarprófanna fer fram úrvinnsla niðurstaðna, annars vegar eru þær skoðaðar út frá framkvæmd prófanna og hins vegar frammistöðu nemenda.

Þessari skýrslu er ætlað að greina frá framvindu fyrirlagna samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk haustið 2018. Fjallað verður um inntak og prófagerð, breytingar á prófunum, kynningarprófin, kynningarmál, framkvæmd á prófdögum og mat lagt á hvað gekk vel og hvað betur mætti fara. Einnig verður greint frá niðurstöðum könnunar sem Menntamálastofnun sendi til allra skólustjóra til að fá mat þeirra á því hvernig framkvæmdin gekk í heild sinni. Auk þess verður stuttlega greint frá heildarniðurstöðum, þ.e. meðaltölum í íslensku, stærðfræði og námsþáttum ásamt meðaltölum eftir landshlutum og dreifingu einkunna.

INNTAK OG PRÓFAGERÐ

Inntak samræmdu könnunarprófanna byggist á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla í hverri námsgrein. Prófatríði eru samin af sérfræðingum hjá MMS sem hafa áralanga og jafnvel áratuga reynslu af kennslu í viðkomandi námsgrein. Öll verkefni /prófatríði fara í gegnum ákveðið gæðafæri áður en tekin er ákvörðun um hvort þau verði notuð í próf eða hvort þau þarfnist lagfæringa. Gæðafærið felst í forprófun og rýni verkefna ásamt greiningu á niðurstöðum forprófanna. Verkefnin eru forprófuð á nemendum grunnskóla og rýnd af sérfræðingum utan og innan stofnunarinnar. Við úrvinnslu niðurstaðna úr forprófunum eru skoðaðir þættir eins og þyngd spurningar (hlutfall nemenda sem svara spurningu rétt), aðgreiningarstuðull og fleiri þættir. Aðgreiningarstuðull segir til um hversu vel spurning greinir á milli nemenda með ólíka hæfni.

BREYTINGAR Á PRÓFUNUM

Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, dagsettu 21. desember 2015, var Menntamálastofnun falið að breyta lögbundnum samræmdum könnunarprófum í grunnskólum. Í fyrsta lagi að innleiða rafræn samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði fyrir 4. og 7. bekk grunnskóla haustið 2016, í öðru lagi að innleiða rafræn samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku fyrir unglíngastig (9. bekk) vorið 2017 og í þriðja lagi að endurskoða innihald samræmdra könnunarprófa í ljósi hæfniviðmiða aðalnámskrár.

Innleiðingu rafrænna samræmdra könnunarprófa í 4. 7. og 9. bekk grunnskóla er lokið. Endurskoðun á innihaldi könnunarprófanna í ljósi hæfniviðmiða aðalnámskrár er í vinnslu. Það ferli er í gangi að endurskoða prófatriði, flokka þau og forprófa ný prófatriði.¹

Sú breyting var gerð árið 2016 að ákveðið var að færa stafsetningarluta samræmdu könnunarprófanna í Lesferil, sem er safn matstækja sem ætlað er að meta færni nemenda gagnvart ýmsum þáttum læsis. Árið 2017 var ákveðið að ritunarpátturinn færi einnig út úr samræmdum könnunarprófum og stefnt að því að þróa aðrar aðferðir til að meta ritun í samráði við skólasamfélagið.

KYNNINGARPRÓF

Kynningarpróf fyrir 4. og 7. bekk voru útbúin í fullri lengd í íslensku og stærðfræði og gerð aðgengileg á heimasíðu MMS um það bil mánuði fyrir fyrsta prófdag. Tilgangurinn með kynningarprófum er að gera nemendum kleift að kynnst prófakerfinu fyrir prófdagana, til dæmis með því að æfa sig í rafrænni próftöku, vita betur hvað þeir eigi í vændum, hvernig innskráningin í prófið virkar og fleira. Jafnframt er gagnlegt fyrir kennara að skrá sig inn í kynningarprófið, m.a. til að sjá hvernig innskráningarferlið er, hvernig veflás og prófakerfið í heild sinni virkar. Hafa ber í huga að tilgangur kynningarprófa er ekki að undirbúa nemendur efnislega fyrir samræmdu könnunarprófin. Þessi nýjung virtist gefast afar vel og var ánægja meðal nemenda og kennara með þennan möguleika.

KYNNINGARMÁL

Menntamálastofnun gerði sérstaka kynningaráætlun, sem var borin undir og kynnt fyrir skólastjórum, fagraði, sérfræðingahópi og fleiri aðilum. Haldið verður áfram að þróa kynningar- og samskiptaáætlun í samstarfi við skólasamfélagið. Í aðdraganda prófanna voru að venju send bréf og tilkynningar til skólastjórnenda varðandi framkvæmd prófanna. Auk þess hélt stofnunin fjóra fjarfundi þegar líða fór að prófum. Á fjarfundunum var farið yfir ýmis atriði varðandi framkvæmd prófanna og færi gafst á að koma með fyrirspurnir sem svarað var

¹ Ein tegund rafrænna prófa, það er aðlöguð samræmd könnunarpróf eða einstaklingsmiðuð próf, gefa kost á að aðlaga fyrirlögn að færni nemenda. Slíkar prófanir krefjast skemmri próftíma til að meta færni nemenda með svipuðum eða betri hætti en hefðbundin próf. Í einstaklingsmiðuðum prófum gefst nemendum færi á að þreyta prófin á sínum forsendum, þar sem þeir eru staddir, þ.e. fá spurningar við sitt hæfi. Nemendur svara ekki endilega allir sömu spurningunum og þar að auki þarf færri spurningar til að meta hæfni þeirra, sem leiðir til styttri próftíma. Umræða hefur verið að þróa einstaklingsmiðuð próf á næstu árum.

á fundunum. Gagnlegar umræður spunnust á fundunum um prófin og framkvæmdina. Mjög gagnlegt var fyrir stofnunina að heyra álit og væntingar ýmissa aðila skólasamfélagsins við undirbúning prófanna. Umhugsunarvert er hve fáir skólar nýttu þessa þjónustu, sjá svör við könnun sem send var skólastjórum (bls. 12).

Heimasíða og Facebook-síða MMS voru mikið notaðar til að koma upplýsingum skjótt til skólanna. Gerð var sú nýbreytni að setja bréf send til skólastjóra á Facebook-síðu og aukin áhersla að ná einnig beint til kennara, tölvuumsjónaraðila skóla og fleiri aðila. Öll bréf sem send voru skólastjórum voru jafnframt birt á heimasíðu stofnunarinnar.

FYRIRLAGNIR PRÓFA Í SEPTEMBER 2018

Dagsetningar könnunarprófanna í 4. og 7. bekk haustið 2018 voru tilkynntar í lok árs 2017 og eru þær sýndar í töflu 1.

Tafla 1. *Dagsetningar prófa í 4. og 7. bekk árið 2018.*

Vikudagur	Dagsetning	Bekkur	Námssgrein
Fimmtudagur	20. september 2018	7. bekkur	íslenska
Föstudagur	21. september 2018	7. bekkur	stærðfræði
Fimmtudagur	27. september 2018	4. bekkur	íslenska
Föstudagur	28. september 2018	4. bekkur	stærðfræði

Frá því annmarkar komu upp við fyrirlögn könnunarprófanna í 9. bekk í mars 2018, hefur Menntamálastofnun endurskoðað og bætt verklag við undirbúning og framkvæmd prófanna. Útbúnir voru gátlistar fyrir skólanna vegna undirbúnings á fyrirlögnum prófanna ásamt því að viðbragðsáætlanir voru endurbættar. Sérstök aðgerðastjórn var sett á laggirnar til að veita skólum markvissa aðstoð á prófdögum.² Farið er eftir sérstökum leiðbeiningum um framkvæmd sem er unnt að sjá á heimasíðu stofnunarinnar (undir “samræmd könnunarpróf”).

² Það er almennt ekki hlutverk Menntamálastofnunar að hafa umsjón með tölvukerfum skóla, einstökum tölum eða tryggja að hljóð og annað virki í tölum. Hins vegar ákvað Menntamálastofnun að veita góða aðstoð vegna þessara þátta með fjarfundum, í gegnum síma, ráðgjöf og gátlistum, til að reyna að tryggja að framkvæmdin gengi sem best.

Í 7. bekk voru tæplega 4600 nemendur skráðir. Alls luku 4100 íslenskuprófi í 7. bekk og 4119 stærðfræðiprófi. Framkvæmd íslenskuprófs í 7. bekk gekk vel. Efni símtala og erinda voru skráð af aðgerðastjórn en þau lutu helst að því að nemendur vantaði prófkóða með hljóðskrá og lengdum próftíma. Einnig voru vandræði í tengslum við netteningar hjá örfáum skólum. Reynt var að bregðast eins fljótt og unnt var við þeim fáu vandkvæðum sem upp komu. Í stærðfræðiprófi 7. bekkjar var sömu sögu að segja, fyrirlögnin gekk nánast hnökralaust fyrir sig. Erindin sem bárust aðgerðastjórn lutu helst að tæknimálum í skólunum, hljóð virkaði ekki í einstaka tölvu og fleira.

Í 4. bekk voru 4526 nemendur skráðir. Alls luku 4458 prófi í íslensku og 4486 prófi í stærðfræði. Framkvæmd prófanna í 4. bekk gekk vel, fáir hnökrar komu upp og bárust stofnuninni sams konar erindi og í 7. bekk.

STUÐNINGSÚRRÆÐI OG UNANÞÁGUR

Sótt var um stuðningsúrræði í 7. bekk fyrir um það bil 1.400 nemendur sem samsvarar 34% nemenda. Umsóknir um undanþágur frá prófi í 7. bekk voru 258 í íslensku (5,6%) og 222 í stærðfræði (4,8%).

Sótt var um stuðningsúrræði í 4. bekk fyrir kringum 1.500 nemendur sem samsvarar 33% nemenda. Fjöldi umsókna um undanþágu frá íslenskuprófi var 257 (5,7%) og frá stærðfræðiprófi 210 (4,6%).

BIRTING NIÐURSTAÐNA

Birting niðurstaðna var með hefðbundnum hætti, annars vegar var um að ræða einstaklingsniðurstöður og hins vegar heildarniðurstöður eftir landshlutum, sveitarfélögum, bæjarfélögum og skólum. Í samræmi 9. og 10. gr. reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd könnunarprófanna (nr. 173/2017) ber Menntamálastofnun að taka saman opinberar upplýsingar með ákveðnum hætti. Umfjöllun um heildarniðurstöður könnunarprófanna má finna í [rafrænum skýrslugrunni Menntamálastofnunar](#), en þar eru teknar saman nánari upplýsingar um frammistöðu nemenda og heildarniðurstöður eftir skólum og öðrum þáttum.

Einstaklingsniðurstöður eru birtar í Skólagátt og þar fá skólar aðgang að þeim til útprentunar fyrir nemendur. Samkvæmt reglugerð ber Menntamálastofnun að birta niðurstöður prófa innan fjögurra vikna frá lokaprófdegi. Á einkunnablöðum koma fram heildareinkunnir í íslensku og stærðfræði og einkunnir fyrir námsþætti hvorrar greinar. Tvenns konar einkunnir eru gefnar, raðeinkunnir og samræmdar einkunnir. Raðeinkunn (á bilinu 1-99) sýnir stöðu nemandans í prófinu sem heild og í hverjum námsþætti fyrir sig. Þessi einkunn sýnir hvernig nemandi stendur í samanburði við aðra nemendur árgangsins. Samræmd einkunn er gefin á hefðbundnum einkunnakvarða 1-10.

Skólastjórnendum, kennurum, nemendum og foreldrum er veittur aðgangur að sýnisprófum í gegnum Skólagátt þegar niðurstöður prófanna liggja fyrir. Þetta er tiltölulega nýtt fyrirkomulag og er tilgangurinn að veita ofangreindum aðilum nánari upplýsingar um árangur nemanda, hvernig spurningar eru á prófinu og hvernig nemandi svarar þeim.

Sýnispróf endurspeglar könnunarprófin þar sem hvert atriði sýnisprófsins reynir á sömu eða mjög líka hæfni og prófatriði úr könnunarprófinu. Einnig fær hver nemandi upplýsingar um það hvernig hann svaraði hverju prófatriði könnunarprófsins. Þannig fær nemandi sjálfstætt próf með sínum persónulegu svörum, þ.e. hvort hann svaraði rétt, rangt eða svaraði ekki tilteknu prófatriði. Skólasamfélagi hefur kallað eftir aðgangi að raunverulegum könnunarprófum en þar sem stofnunin hyggst nota þau aftur er henni ekki unnt að afhenda þau. Hins vegar er stefnt að því að gera prófin opinber eftir að þau hafa verið lögð fyrir aftur.

Með sýnisprófum er hægt að tengja hvert prófatriði við aðalnámskrá og hægt að sjá hvaða hæfnipætti aðalnámskrár er verið að prófa með hverju prófatriði. Birting á prófatriðum með þessum hætti er nýjung og mun verða þróuð áfram næstu ár. Markmiðið er að sýnisprófin leggi grunn að bættri endurgjöf til nemenda og skólasamfélagsins.

Til að koma til móts við óskir skólastjórnenda og kennara varðandi úrvinnslu á gögnum úr samræmdum könnunarprófum var útbúið sérstakt mælaborð í Skólagátt. Með þessu mælaborði getur skólastjóri fengið betri yfirlit yfir árangur nemenda í sínum skóla og samanburð við heildarniðurstöður. Einnig fást skýrari niðurstöður úr hverjum námsþætti og samanburður við landsmeðaltöl. Mikilvægt er að þróa þetta áfram og auka þannig leiðsagnargildi, enda markmið prófanna að veita nemendum góða endurgjöf og styðja vel við þróun skólastarfs.

HEILDARFRAMMISTAÐA NEMENDA Í 4. OG 7. BEKK

Samkvæmt reglugerð um úrvinnslu samræmdra könnunarprófa skal Menntamálastofnun birta opinberlega heildarniðurstöður, meðal annars eftir landshlutum. Í töflum 2 og 3 eru birtar niðurstöður um frammistöðu á samræmdum könnunarprófum í 4. bekk eftir landshlutum. Annars vegar er um að ræða niðurstöður á normaldreifðum einkunnakvarða og hins vegar hefðbundnum einkunnakvarða.

Tafla 2. Meðaltöl normaldreifðra einkunna á kvarðanum 0 – 60 í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk 2018 og 2017, eftir landshlutum.

	Íslenska		Stærðfræði	
	2018	2017	2018	2017
Reykjavík	31,2	30,3	30,6	30,2
Suðvesturkjördæmi	29,9	30,2	30,2	29,9
Norðvesturkjördæmi	30,9	29,2	30,1	29,0
Norðausturkjördæmi	28,2	30,8	28,7	29,8
Suðurkjördæmi	27,8	29,1	28,5	30,8
Landið allt	30,0	30,0	30,0	30,0

Einkunnir eru normaldreifðar með meðaltalið 30 og staðalfrávikíð 10. Þessi kvarði er notaður til að niðurstöður verði sambærilegar milli ára og milli námsgreina.

Fjöldi nemenda í íslensku er 4458 og 4486 í stærðfræði.

Tafla 3. Meðaltöl samræmdra einkunna á kvarðanum 1-10 í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk 2018 og 2017, eftir landshlutum.

	Íslenska		Stærðfræði	
	M	sf	M	sf
Reykjavík	6,3	1,8	6,9	2,0
Suðvesturkjördæmi	6,0	1,7	6,8	1,8
Norðvesturkjördæmi	5,7	1,8	6,5	1,9
Norðausturkjördæmi	6,2	1,7	6,8	1,8
Suðurkjördæmi	5,7	1,7	6,5	1,9
Landið allt	6,1	1,8	6,8	1,9

Hefðbundnar einkunnir á kvarðanum 1 til 10. Vegna eiginleika kvarðans eru niðurstöður ekki sambærilegar innbyrðis.

Fjöldi nemenda í íslensku er 4458 og 4486 í stærðfræði.

Í töflu 4 eru birtar meðaleinkunnir í 4. bekk í íslensku og stærðfræði og námsþáttaeinkunnir.

Tafla 4. Meðaleinkunnir í íslensku og stærðfræði í 4. bekk 2018. Heildareinkunnir og námsþáttaeinkunnir á kvarðanum 1-10.

	Íslenska		
	M	sf	Vægi (%)
Heildareinkunn	6,1	1,8	100
Lesskilningur	6,0	1,8	75
Málnotkun	5,7	2,3	25
	Stærðfræði		
	M	sf	Vægi (%)
Heildareinkunn	6,8	1,9	100
Reikningur og aðgerðir	6,8	1,9	50
Rúmfræði og mælingar	6,5	2,2	25
Tölur og talnaskilningur	6,7	2,4	25

Hefðbundnar einkunnir á kvarðanum 1 til 10. Vegna eiginleika kvarðans eru niðurstöður ekki sambærilegar innbyrðis. Fjöldi nemenda í íslensku er 4458 og 4486 í stærðfræði.

Í töflum 5 og 6 eru birtar niðurstöður um frammistöðu á samræmdum könnunarprófum í 7. bekk eftir landshlutum. Annars vegar er um að ræða niðurstöður á normaldreifðum einkunnakvarða og hins vegar hefðbundnum einkunnakvarða.

Tafla 5. Meðaltöl normaldreifðra einkunna á kvarðanum 0 – 60 í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk 2018 og 2017, eftir landshlutum.

	Íslenska		Stærðfræði	
	2018	2017	2018	2017
Reykjavík	30,9	30,6	31,0	30,6
Suðvesturkjördæmi	30,0	30,8	30,5	30,6
Norðvesturkjördæmi	30,0	28,7	28,6	28,0
Norðausturkjördæmi	29,4	29,6	29,0	28,9
Suðurkjördæmi	28,3	28,6	28,6	29,5
Landið allt	30,0	30,0	30,0	30,0

Einkunnir eru normaldreifðar með meðaltali 30 og staðalfráviki 10. Þessi kvarði er notaður til að niðurstöður verði sambærilegar milli ára og milli námsgreina. Fjöldi nemenda í íslensku er 4100 og 4119 í stærðfræði.

Tafla 6. Meðaltöl samræmdra einkunna á kvarðanum 1 - 10 í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk 2018 og 2017, eftir landshlutum.

	Íslenska		Stærðfræði	
	M	Sf	M	sf
Reykjavík	6,5	1,8	6,1	1,9
Suðvesturkjördæmi	6,4	1,7	6,0	1,9
Norðvesturkjördæmi	6,3	1,7	5,8	1,9
Norðausturkjördæmi	6,4	1,5	5,7	1,9
Suðurkjördæmi	6,1	1,8	5,7	1,9
Landið allt	6,4	1,7	5,9	1,9

Hefðbundnar einkunnir á kvarðanum 1 til 10. Vegna eiginleika kvarðans eru niðurstöður ekki sambærilegar innbyrðis.

Í töflu 7 eru birtar meðaleinkunnir í 7. bekk í íslensku og stærðfræði og námsþáttaeinkunnir.

Tafla 7. Meðaleinkunnir í íslensku og stærðfræði í 7. bekk 2018. Heildareinkunnir og námsþáttaeinkunnir á kvarðanum 1-10.

	Íslenska		
	M	sf	Vægi (%)
Heildareinkunn	6,4	1,7	100
Lestur	6,5	1,7	62,5
Málnotkun	6,0	2,1	37,5
	Stærðfræði		
	M	sf	Vægi (%)
Heildareinkunn	5,9	1,9	100
Reikningur og aðgerðir	6,1	2,1	50,0
Rúmfræði og mælingar	4,8	2,2	25,0
Tölur og talnaskilningur	6,3	2,1	25,0

Hefðbundnar einkunnir á kvarðanum 1 til 10. Vegna eiginleika kvarðans eru niðurstöður ekki sambærilegar innbyrðis.

Fjöldi nemenda í íslensku er 4100 og 4119 í stærðfræði.

DREIFING EINKUNNA NEMENDA Í 4. OG 7. BEKK

Þegar dreifing einkunna er skoðuð má sjá fjölda og hlutföll þeirra nemenda sem fá tiltekna einkunn á kvarðanum 0-10 ásamt safntíðni, þ.e. hlutfall þeirra sem fá tiltekna einkunn eða lægri (sjá töflur 8 og 9).

Eftirfarandi tafla sýnir dreifingu einkunna á kvarðanum 1-10 í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk 2018.

Tafla 8. Dreifing einkunna í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk 2018.

Íslenska				Stærðfræði			
Samræmd einkunn	Fjöldi	Hlutfall (%)	Safntíðni	Samræmd einkunn	Fjöldi	Hlutfall (%)	Safntíðni
1,0	5	0,1	0,1	1,0	6	0,1	0,1
1,5	2	0,0	0,2	1,5	9	0,2	0,3
2,0	17	0,4	0,5	2,0	27	0,6	0,9
2,5	40	0,9	1,4	2,5	61	1,4	2,3
3,0	186	4,2	5,6	3,0	58	1,3	3,6
3,5	188	4,2	9,8	3,5	168	3,7	7,3
4,0	401	9,0	18,8	4,0	116	2,6	9,9
4,5	272	6,1	24,9	4,5	281	6,3	16,2
5,0	473	10,6	35,5	5,0	368	8,2	24,4
5,5	321	7,2	42,7	5,5	216	4,8	29,2
6,0	539	12,1	54,8	6,0	441	9,8	39,0
6,5	338	7,6	62,4	6,5	221	4,9	44,0
7,0	492	11,0	73,4	7,0	548	12,2	56,2
7,5	271	6,1	79,5	7,5	503	11,2	67,4
8,0	393	8,8	88,3	8,0	265	5,9	73,3
8,5	195	4,4	92,7	8,5	515	11,5	84,8
9,0	215	4,8	97,5	9,0	227	5,1	89,8
9,5	84	1,9	99,4	9,5	328	7,3	97,1
10,0	26	0,6	100,0	10,0	128	2,9	100,0
Fjöldi	4458				4486		

Meðaltal á íslenskuprófi í 4. bekk var 6,1 og í stærðfræði 6,8. Þessir punktar eru því við miðju dreifingarinnar en þar eru þær nokkuð þéttar frá u.þ.b. 4,0 til 8,0 eða 8,5. Algengustu einkunnirnar liggja á bilinu 4,0 til 8,0 í íslensku og frá 7,0 til 8,5 í stærðfræði.

Eftirfarandi tafla sýnir dreifingu einkunna á kvarðanum 1-10 í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk 2018.

Tafla 9. Dreifing einkunna í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk 2018.

Íslenska				Stærðfræði			
Samræmd einkunn	Fjöldi	Hlutfall (%)	Safntíðni	Samræmd einkunn	Fjöldi	Hlutfall (%)	Safntíðni
1,0	2	0,0	0,0	1,0	7	0,2	0,2
1,5	4	0,1	0,1	1,5	8	0,2	0,4
2,0	13	0,3	0,5	2,0	64	1,6	1,9
2,5	40	1,0	1,4	2,5	106	2,6	4,5
3,0	86	2,1	3,5	3,0	176	4,3	8,8
3,5	165	4,0	7,6	3,5	242	5,9	14,6
4,0	208	5,1	12,6	4,0	270	6,6	21,2
4,5	252	6,1	18,8	4,5	299	7,3	28,5
5,0	324	7,9	26,7	5,0	329	8,0	36,4
5,5	404	9,9	36,5	5,5	373	9,1	45,5
6,0	408	10,0	46,5	6,0	390	9,5	55,0
6,5	423	10,3	56,8	6,5	389	9,4	64,4
7,0	410	10,0	66,8	7,0	360	8,7	73,1
7,5	401	9,8	76,6	7,5	310	7,5	80,7
8,0	327	8,0	84,6	8,0	263	6,4	87,1
8,5	275	6,7	91,3	8,5	252	6,1	93,2
9,0	238	5,8	97,1	9,0	153	3,7	96,9
9,5	96	2,3	99,4	9,5	91	2,2	99,1
10,0	24	0,6	100,0	10,0	37	0,9	100,0
Fjöldi	4100				4119		

Meðaltal á íslenskuprófi í 7. bekk var 6,4 og í stærðfræði 5,9. Dreifingarnar eru nokkuð jafnar kringum þessa punkta og enginn áberandi toppur á einum stað. Þær eru nokkuð þéttar frá u.þ.b. 4,0 til 9,0. Algengustu einkunnirnar liggja á bilinu 5,5 til 8,0 í báðum námsgreinunum.

PRÓFFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR PRÓFANNA

Samræmd könnunarpróf eru stöðug á milli ára. Prófgerðarferlið er agað og miðar að því að prófin meti þær námsgreinar sem prófað er í með sem líkustum hætti ár frá ári. Við gerð prófanna er unnið út frá inntakstöflum sem skilgreina fjölda og tegundir prófatriða að baki hverjum námsþætti og um leið með hvaða hætti prófin endurspeglar aðalnámsskrá grunnskóla. Tafla 10 sýnir ítarlegar upplýsingar um margþætta eiginleika prófanna.

Fjöldi prófatriða í íslensku var 50 atriði í 4. bekk en 55 atriði í 7. bekk. Í stærðfræði voru 32 atriði í 4. bekk og 40 atriði í 7. bekk. Meðaltal á hverju prófi fyrir sig er að vissu leyti háð fjölda prófatriða þannig að meðaltal deilt með fjölda atriða (meðalþyngd atriða) er betri til samanburðar á prófunum. Þessi eiginleiki sýnir að prófin voru svipuð að þyngd, meðalþyngd atriða liggur frá 0,58 og upp í 0,65.

Tafla 10. *Upplýsingar um tölfræðilega eiginleika samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk 2018.*

	4. bekkur		7. bekkur	
	Íslenska	Stærðfræði	Íslenska	Stærðfræði
Fjöldi próftaka	4457	4485	4101	4120
Fjöldi atriða	50	32	55	40
Lægsta skor	0	1	6	0
Hæsta skor	49	32	55	40
Meðaltal	29,3	21	34,3	23,3
Meðalþyngd atriða	0,59	0,65	0,62	0,58
Miðgildi	29	22	35	23
Staðalfrávik	8,8	6	9,3	7,6
Skekkja	-0,01	-0,36	-0,21	-0,07
Ris	-0,74	-0,56	-0,61	-0,72

Áreiðanleiki prófanna er á bilinu 0,85 til 0,90 sem telst góður áreiðanleiki út frá tölfræðilegum sjónarmiðum. Þessi eiginleiki þýðir að ef nemendur eru prófaðir aftur með prófi sem byggt er upp með sama hætti verður há fylgni á milli niðurstaðna þeirra. Unnt er að draga öryggismörk um einkunnir einstakra nemenda út frá áreiðanleika prófs og staðalfráviks þess. Slík öryggismörk fyrir samræmdu könnunarprófin sem hér er fjallað um eru tvö til þrjú stig á prófinu (sjá töflu 11). Þetta þýðir að ef nemandi í 4. bekk fær 20 stig í íslensku, þá eru 68% líkur á að raunveruleg færni hans samsvari færni sem þarf til að fá 17 til 23 stig á prófinu.


Tafla 11. Áreiðanleiki og staðavilla mælinga fyrir samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk 2018.

Bekkur	Námsgrein	Áreiðanleiki	Staðavilla mælinga
4	íslenska	0,87	3
4	stærðfræði	0,85	2
7	íslenska	0,88	3
7	stærðfræði	0,88	3

Rannsóknir á réttmæti samræmdra könnunarprófa hafa verið gerðar af Menntamálastofnun en ekki hefur gefist ráðrúm til umfjöllunar um þær í fræðigreinum. Prófin snerta ekki á ákveðnum viðmiðum sem aðalnámskrá tilgreinir en almennt ná prófin vel yfir þau viðmið sem hentar að meta með stöðluðum prófum. Tengsl prófanna við aðrar mælingar á sömu eða svipaðri færni eru sterk. Þannig er til að mynda sterk fylgni milli prófa í 4. og 7. bekk við próf sem hafa verið haldin í lok framhaldsskóla. Íslenskupróf hefur einnig miðlungs til háa fylgni við niðurstöður úr mælingum í lestri allt frá lokum leikskóla til loka framhaldsskóla.


SAMSTARF VIÐ SKÓLA OG VIÐHORF SKÓLASTJÓRA TIL FYRIRLAGNANNA

Ákveðið var að gera stutta könnun og kalla eftir viðhorfi skólastjóra. Markmið könnunarinnar var annars vegar að skoða hvernig fyrirlagnir hefðu gengið að mati skólastjóra og afla gagna um hvernig Menntamálastofnun gæti bætt sín vinnubrögð í framkvæmd prófanna. Könnunin var send skólastjórum þann 4. október 2018. Spurt var hvort próftími hefði verið nægjanlegur, hvort tæknileg vandamál hefðu komið upp, hvernig fjarfundir og heimasíða nýttust í upplýsingagjöf, svo dæmi séu tekin. Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður könnunarinnar. Könnunin var send 152 skólum og var þátttaka mjög góð en alls tóku 138 skólar þátt í henni eða 91% skólanna. Sé litið á mynd 1 hér að neðan má sjá að langflestir skólastjóranna sem svöruðu könnuninni sögðu fyrirlögn prófanna í íslensku og stærðfræði hafa gengið vel, eða 96%. Rúm 4% töldu fyrirlögnina í íslensku og stærðfræði hafa gengið sæmilega en engum illa.




Mynd 1. Mat á fyrirlögn prófa í íslensku og stærðfræði.

Samkvæmt mati flestra skólastjóra virðist tími hafa verið nægur í báðum prófunum eins og sjá má á mynd 2. Þeir sem töldu tímann ekki nægan nefndu helst að nemendur með stuðningsúrræði hefðu þurft lengri viðbótartíma en þær 15 mínútur sem þeir fengu aukalega. Einnig komu athugasemdir um að lestextar væru of langir fyrir 4. bekk.




Mynd 2. Mat skólastjóra á því hvort próftími hafi verið nægur.

Niðurstöður könnunarinnar bentu til þess að tæknileg vandamál við fyrirlagnir hafi verið nokkuð algeng. Um fjórðungur skólastjóra sagði tæknileg vandamál hafa komið upp á prófdögum (mynd 3). Spurt var nánar um eðli vandans með opinni spurningu. Svör voru flokkuð og má sjá niðurstöðurnar á mynd 4. Innanhússvandamál skóla voru einkum vandamál með nettengingar og bilanir í tölvum. Vandamál með hljóðskrár gætu hafa tengst nettengingum sem ekki önnuðu álaginu við próftökuna. Í ljós kom að hentugast var að nemendur með hljóðskrár skráðu sig ekki inn á sama tíma heldur hver á fætur öðrum. Flokkurinn „Ónægar upplýsingar“ vísar til þeirra vandamála sem stofnunin fékk ekki nægar upplýsingar um.




Mynd 3. Tæknileg vandamál á prófdögum.



Mynd 4. Eðli vandamála sem upp komu á prófdögum.


Eins og sjá má á mynd 5 nota flestir skólar eingöngu tölvur með Windows-stýrikerfi við próftöku. Fer það eftir tölvukosti skóla hvaða búnaður er notaður.



Mynd 5. Tölvubúnaður sem notaður var við próftöku.

Í samræmdu könnunarprófunum haustið 2017 var nokkuð um að nemendur lentu í vanda með að skipta á milli prófhluta í stærðfræði. Eftir að hafa opnað prófið fóru þeir beint í seinni hlutann án þess að hafa lokið þeim fyrri. Ekki er unnt að fara aftur í fyrri hluta eftir að seinni hluti hefur verið opnaður. Af þessum sökum var ítrekað við kennara og skólástjórnendur mikilvægi þess að nemendur færu ekki í seinni hlutann áður en þeir hefðu lokið fyrri hlutanum. Einnig birtist á skjáum nemenda viðvörðun þess efnis.


Eins og sjá má á mynd 6 virðast þessar varúðarráðstafanir hafa skilað sér að mestu.




Mynd 6. Skipting prófhluta í stærðfræði.

Spurt var um samskipti við MMS, hvernig erindum var svarað og hvort skólinn hafi þurft að leita aðstoðar. Erindum var svarað fljótt og vel að mati allra svarenda utan þriggja. Tæp 40% skóla þurfti að leita aðstoðar hjá stofnuninni.

Menntamálastofnun hélt áfram að bjóða upp á fjarfundi í aðdraganda prófanna. Umhugsunarvert er hversu lágt hlutfall skóla nýtir sér þessa þjónustu (sjá mynd 7), en allir svarendur töldu þá nýtast vel eða sæmilega. Hins vegar nýttu sér nær allir skólar heimasíðu stofnunarinnar til upplýsingaöflunar.




Mynd 7. Fjarfundir (fyrirspurnatímar)




Mynd 8. Nýting fjarfunda Menntamálastofnunar.

Í aðdraganda prófanna voru sendir nokkrir upplýsingapóstar til skólanna varðandi ýmis atriði sem lutu að undirbúningi á fyrirlögnum prófanna, má þar nefna áminningar vegna skráningar stuðningsúrræða, uppfærslu bekkjalista, undirbúning prófstofa og fleira. Eins og sjá má á mynd 9 taldi stór meirihluti svarenda upplýsingapóstana hafa nýst vel.




Mynd 9. *Upplýsingapóstur Menntamálastofnunar.*

Flestir skólar nýttu sér gátlista skóla en sá listi var unninn eftir fyrirlögn prófanna í 9. bekk (mynd 10). Í gátlista var farið yfir mikilvæg atriði sem nauðsynlegt væri að undirbúa tímanlega fyrir prófdaga, t.d. varðandi undirbúning tækja og fleira.



Mynd 10. *Nýting á gátlista.*

Skólagátt hefur verið notuð síðan 2016 til að halda utan um skráningar nemenda og niðurstaðna þeirra úr könnunarprófum og stöðluðum prófum. Þar eru skráðar undanþágur og stuðningsúrræði. Á mynd 11 má sjá að langflestir skólastjóranna töldu skráningu stuðningsúrræða í Skólagátt hafa gengið vel, eða 92%. 7% sögðu skráninguna hafa gengið sæmilega og einungis 1% sagði hana hafa gengið illa.




Mynd 11. Skráning stuðningsúrræða í Skólagátt.

Í 3. gr. reglugerðar um samræmd könnunarpróf segir að „niðurstöður skuli nýttar við skipulag náms og kennslu nemenda að því marki sem kennarar eða skólastjórnendur telja gagnlegt og taka tillit til réttmætra óska nemenda og foreldra þeirra um slíkt.“

Mikilvægt er að allir skólar nýti niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum til úrbóta með bætтан námsárangur nemenda og gæði náms að leiðarljósi.

Langflestir skólastjóranna, sem tóku þátt í könnuninni, ætla sér að nýta niðurstöður prófanna (sjá mynd 12).



Mynd 12. Nýting á niðurstöðum samræmdu könnunarprófanna.

SAMANTEKT

Almennt má segja að fyrirlagnir prófanna í 4. og 7. bekk árið 2018 hafi gengið vel. Það er mat skýrsluhöfunda að ýmsir þættir hafi stuðlað að góðu gengi. Má þar einkum nefna endurskipulagningu verkferla, þéttara samstarf við þjónustuaðila prófakerfisins, gátlista fyrir skólana, kynningaráætlun og fleira. Það skipti miklu að hafa mótað stóraukið og gott samstarf stofnunarinnar við grunnskólana sem spilaði lykilhlutverk í því hvernig til tókst.